

Ári 1984, miðvikudaginn 22. ágúst, var í málinu nr. 8/1984 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 2. maí s.l., kærðu eigendur sumarhúss við Brúnaveg í landi Úthlíðar í Biskupstungnahreppi álagningu fasteignaskatts á eign þessa. Í bréfi kæranda, Ingólfs Antonssonar og Sævars Geirssonar, er vísað til 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga. Síðan segir svo:

"Um er að ræða sumarhús sem notað er til íbúðar og ætti þess vegna að skattleggjast samkv. gjaldflokk A.


Benda má á að í Reykjavík eru nokkur hundruð íbúðir í eigu fólks utan Reykjavíkur, sem notaðar eru í sama tilgangi og framan greind eign og eru bær skattlagðar samkv. gjaldflokk A.


Sveitarfélagið sér hvorki um lagningu né viðhald vegar að húsinu, sorphreinsun, skolplagnir/vatnslagnir né aðra þjónustu."


Gjalddagi umræddes fasteignaskatts var 25. mars 1984, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, ^{og því} eiga lög nr. 75/1984 um breytingu á lögum nr. 73/1980 eigi við. Sumarnúsið ber því að skattleggja samkvæmt b-lið 3. gr. laga nr. 73/1980, að því er tekur til fasteignaskatts síðastnefnds árs, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Ofangreint sumarhús ber að skattleggja á grundvelli b-liðs 3. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, að því er varðar fasteignaskatt ársins 1984.


Gaukur Jörundsson.


Pétur Stefánsson.


Guðmundur Magnússon.